


# Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

## Kennsluáætlun



Námsgrein: Stærðfræði

Bekkur/hópur: 7. bekkur

Kennari: Þorbjörg Valdimarsdóttir

Tímabil: Skólaárið 2023-2024

### Hæfniviðmið:

#### Tölur og reikningar:

- Geti notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi. Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta. Tekið þátt í að þráa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.

#### Algebra.

- Geti rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir, fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og notað reglur algebrunnar við reikning. Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum. Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

#### Rúmfræði og mælingar.

- Rannsaki og greini tvívíð og þrívíð form, geti teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það. Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.

#### Tölfræði og líkindi:

- Geti framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum. Sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar. Dregið ályktanir um líkur og reiknað út líkur í einföldum tilvikum. Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur. Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

## **Helstu námsbækur og gögn:**

- Stika 3A
- Stika 3B
- Verkefnablöð frá kennara

## **Leiðsagnarmat:**

- Könnun í lok hverrar lotu. Kennari gefur einkunn og skilar til nemenda og foreldra.
- Hópverkefni sem nemendur skila til kennara.

## **Viðfangsefni.**

### **Lota 1. (September og október).**

#### **Tölur**

stórar og litlar tölur  
sætisgildi  
negatífar tölur  
tugabrot  
samlagning og frádráttur

### **Lota 2. (nóvember).**

#### **Margföldun og deiling**

margföldun og deiling, einnig margföldun og deiling tugabrota  
hlutfallareikningur  
fjölda möguleika á að raða hlutum og fyrirbærum  
frumtölur og samsettar tölur  
reikna dæmi með sviga

### **Lota 3. (desember og janúar).**

#### **Rúmfræði**

heiti horna, að mæla horn og reikna stærð þeirra, stærð grannhorna og topphorna  
heiti ýmissa hluta hrings, t.d. miðja hrings, geisli, þvermál, ummál og geiri  
teikna einfaldar myndir af hornum og þríhyrningum  
eiginleika marghýrninga, samsíða línur, horn og hliðarlengdir  
eins myndir og form, einslaga myndir, form og mælikvarðar

### **Lota 4. (janúar og febrúar).**

## **Mælingar**

ummál og flatarmál  
yfirborðsflatarmál og rúmmál  
tími og tímaútreikningar  
tengsl vegalengda, hraða og tíma

## **Lota 5. (Febrúar og mars).**

### **Almenn brot**

almenn brot sem hluti af heild og sem hluti af safni  
samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota  
prósent sem hluta af heild og sem hluta af safni  
tengsl almennra brota, tugabrota og prósenta  
reikning með prósentum

## **Lota 6. (Apríl ).**

### **Reikningur**

prósentreikningur  
námundun og slumpreikningur  
reikniaðgerðirnar fjórar  
svigi í reikningi

## **Lota 7. (Maí ).**

### **Mynstur og algebra**

flutningur, hliðrun, speglun og snúningur  
myndtölur og talnamynstur  
algebra, að skrifa reiknireglur með bókstöfum  
jöfnur